

Fyrirspurn

til matvælaráðherra um gríðasvæði hvala.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

1. Hvaða ástæður voru fyrir því að sendinefnd Íslands vék af fundi þegar kom að atkvæðagreiðslu um gríðasvæði hvala í Suður-Atlantshafi (e. South Atlantic Whale Sanctuary) á síðasta ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins? Var útgangan ákveðin fyrir fram?
2. Hvaða aðilar komu að útgönguákvörðuninni af Íslands hálfu og hafði fulltrúi hvalveiðifyrirtækja í sendinefnd Íslands einhver áhrif á afstöðu sendinefndarinnar?
3. Hver var aðkoma ráðherra að ákvörðun um útgöngu sendinefndar Íslands?
4. Hver var afstaða Íslands þegar tillögur um gríðasvæði hvala í Suður-Atlantshafi komu til atkvæða á ársfundum Alþjóðahvalveiðiráðsins 2011 og 2016?
5. Hefur íslenska ríkið einhverja hagsmuni af því að ekki verði komið á fót gríðasvæði hvala í Suður-Atlantshafi?
6. Hver er afstaða ráðherra til þeirra gríðasvæða hvala sem Alþjóðahvalveiðiráðið hefur áður samþykkt að koma á fót, annars vegar í Suður-Íshafinu og hins vegar í Indlandshafi (e. Southern Ocean Whale Sanctuary og Indian Ocean Whale Sanctuary)?

Skriflegt svar óskast.